Tillaga A
Skúlagata 4
Sjávarútvegshúsið austurgafl



Tillaga B
Skúlagata 4
Sjávarútvegshúsið austurgafl



# GREINARGERÐ vegna tillögu A og B

Síldarævintýrið var makalaust tímabil sem snerist um eina hugsun og einn ásetning að bjarga verðmætum. Þetta er hvorki hægt að útskýra né skilja, því að enginn veit hvað síldarævintýri er nema hann hafa tekið þátt í því sjálfur.

Mönnum fannst þeir frjálsir í heljarviðjum þrældóms sem gaf fyrirheit um bjartari og betri framtíð.

Síldarævintýrið er bakgrunnur þessara mynda en glæsilegar stúlkurnar forgrunnur, klæddar fagugulum síldarpilsum í sumarsólinni sem skein jafnt að nóttu sem degi, nema rétt um lágnættið.

Þessar einbeittu og stoltu konur stóðu eins og valkyrjur vörð um björgun aflans og gáfu ekkert eftir á meðan á hverri hrotu stóð.